Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 16. júlí 2020
USK2020070001

Borgarráð

***Kjarvalsstaðir og Klambratún, framkvæmdir 2020.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við Kjarvalsstaði og á Klambratúni.
Kostnaðaráætlun 2 er 140 m.kr. Þar af eru 110 m.kr. hluti af áætlun um að flýta fjárfestingaverkefnum Reykjavíkurborgar með það að markmiði að veita viðspyrnu við atvinnuleysi af völdum COVID-19.

Greinargerð:
Um er að ræða annarsvegar framkvæmdir við Kjarvalsstaði sem felast í endurgerð aðkomu við aðalinngang að norðanverðu og gerð þjónustubrautar að vestanverðu. Þá verður komið fyrir skábraut til að tryggja aðgengi fyrir alla að torgsvæði að sunnanverðu.
Hins vegar er um að ræða endurgerð og færslu að hluta á stígum á Klambratúni m.a. með það að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla.

Framkvæmdin myndar stofn til gatnaleigu.
Kostnaðarstaður: 3108
Kostnaðaráætlun 2: 140 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
- Yfirlitsmynd

## 1. áfangi 2020

**1** Umhverfi Kjarvalsstaða og skrábraut fyrir hjólastóla.

**2** Stígur malbikaður og færður til að hluta

**3** Malarstígur malbikaður.

